

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til við bæjarstjórn að tillaga Sjálfstæðisflokksins að Stjórnkerfisbreytingum fái efnislega umfjöllun samhliða tillögum sem lagðar eru fram af meirihluta bæjarstjórnar við fyrri umræðu í bæjarstjórn 1. desember 2020.

Greinagerð með tillögunni:

Í nýlegri stjórnsluúttekt Capacent á rekstri og innra vinnulagi Akraneskaupstaðar komu fram tillögur að skipulagsbreytingum sem nú eru lagðar fram, lítilega breyttar, til fyrri umræðu hér í bæjarstjórn.

Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti að fara í fyrrgreinda úttekt með það að markmiði að draga fram, ef einhverjir væru, annmarka sem eru á þjónustu Akraneskaupstaðar við íbúa, fyrirtæki og stofnanir sveitafélagsins.

Capacent kom fram með tillögur sem til stóð að samþykkja óbreyttar og nær án umræðu í bæjarráði fyrir í sumar. Bæjarráð starfaði á þeim tíma í umboði bæjarstjórnar sem var í sumarfríi. Sjálfstæðisflokkurinn setti sig á móti afgreiðslunni þar sem engin umræða hafði átt sér stað á milli meiri og minni hluta í bæjarstjórn um tillögurnar.

Fallið var frá afgreiðslunni og henni frestað fram yfir sumarfrí bæjarstjórnar. Í október tóku oddvitar í bæjarstjórn samtali um hvernig málið skyldi unnið áfram. Undir lok mánaðarins birtu bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar og Framsóknar og frjálsra tillögu sem er lítið frábrugðin tillögu Capacent. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa aðra sýn á það hvaða skipulagsbreytingar geta styrkt rekstur sveitafélagsins með hagkvæmni og sjálfbærni að leiðarljósi.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram tillögu til oddvita Samfylkingarinnar og Framsóknar og frjálsra í tölvupósti þann 22. október sl. þar sem lögð er áhersla á að efla fjármáladeild Akraneskaupstaðar með það að markmiði að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri, aukinni skilvirkni og auka þjónustu við stofnanir og stoðdeildir bæjarins í formi greininga og almennri rekstrarráðgjöf. Þetta er í samræmi við niðurstöður stjórnsluúttektar um að auka þurfi greiningar og undirbyggja þannig betur stefnumarkandi ákvarðanir hjá Akraneskaupstað.

Tillögur bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins hafa til þessa ekki fengið neinar efnislegar umræður. Tillögurnar voru ekki teknar fyrir við afgreiðslu þessa máls í Bæjarráði og því vilja bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til við bæjarstjórn að tillögurnar verði teknar fyrir samhliða tillögum meirihlutans hér í fyrri umræðu. Tillögurnar verði svo ræddar milli fyrri og seinni umræðu um skipulagsbreytingar hjá Akraneskaupstað.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hvetja þá bæjarfulltrúa sem skipa meirihluta bæjarstjórnar að nota tímann milli umræðna að ræða stjórnkerfisbreytingar við bæjarfulltrúa minnihlutans áður en meirihlutinn ákveði breytingar á stjórnskipun bæjarins einhliða og í ágreinigi.

Undirritað:

Rakel Óskarsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Einar Brandsson

Ólafur Adolfsson